



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND



# Ársskýrsla 2022

Helga Sigríður Þórsdóttir  
rektor

[msund@msund.is](mailto:msund@msund.is)  
[www.msund.is](http://www.msund.is)



# Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 1
Ágrip	Bls. 2
Stefnumiðuð áætlun	Bls. 3
Nemendatölur	Bls. 6
Starfsfólk MS	Bls. 7
Fjármál og rekstur	Bls. 8
Stjórnun	Bls. 9
Stofnun starfsbrautar	Bls. 11
Fyrsti grænfáninn	Bls. 12
Nám og félagslíf	Bls. 14
Námsferð til Ítalíu	Bls. 17
Starfendarannsóknir	Bls. 18
Húsnæðismál	Bls. 19
Erlent samstarf	Bls. 20

# Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli. Boðið er uppá á þriggja ára nám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut. Skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Nemendur skólans eru um 712 talsins og heildarfjöldi starfsmanna ríflega 70.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum og starfsbraut. Stúdentsbrautirnar eru náttúrufræðibraut sem skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræðabraut sem skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu. Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

**VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI**

# Ágrip

## ÁRSSKÝRSLA MS 2022

Í upphafi árs 2022 var útlit fyrir enn eitt ár með ströngum sóttvarnareglum. Eftir hertar reglur í upphafi árs voru þó allar sóttvarnareglur felldar úr gildi í byrjun mars. Það var mikill léttir fyrir skólastarfið og hægt að beina sjónum að kjarnastarfssemi skólans. Félagslíf nemenda náði flugi á ný, leikfélagið Thalía frumsýndi eftir fimm ára hlé og nemendur þyrsti í dagskrá og skemmtanir. Breytingar áttu sér stað á ýmsum verkferlum í stjórnun skólans og má þar helst nefna vinnu við persónuvernd og upplýsingaöryggi, uppbyggingu jafnlaunakerfis og skipulagsbreytingar vegna nauðsynlegs aðhalds í rekstri skólans. Haustið 2022 var öll nýnemafræðsla í skólanum færð á hendur náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingur tók til starfa og kennslukerfi Innu var tekið í notkun. Regluleg starfsmannasamtöl hafa verið tekin upp og unnið markvisst að auknu lýðræði innan nemendafélagsins.

## Þetta helst:

11

Stofnun starfsbrautar

12

Fyrsti grænfáninn

17

Námsferð til Ítalíu

19

Húsnæðismál og framkvæmdir



# Stefnumiðuð áætlun

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðuðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðuðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið MS fyrir árin 2022 - 2024 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.



Kjarnastarfsemi Menntaskólans við Sund er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og undir frekara nám á háskólastigi.

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnamálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða í takt við það álag sem þeim hentar. Þessar áherslur birtast meðal annars í skólanámskrá og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali

## KJARNASTARFSSEMI MARKMIÐ MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

- Auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- Að halda brotthvarfi lágu
- Byggja upp seiglu nemenda

## Auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks

Menntaskólinn við Sund var fyrsti framhaldsskólinn til þess að hljóta vottun fyrir fimm græn skref í ríkisrekstri. Markmið skólans er alltaf að ná betri árangri í umhverfismálum með menntun til sjálfbærni. Aðgerðir að þessu markmiði árið 2022 voru auk skylduáfanga í umhverfisfræði, að festa í sessi árlega umhverfisviku, gróðursetning útskriftarnema í trjálundi skólans í Heiðmörk, þróun áfanga í tengslum við verkefnið „Á grænni grein“ og virk umhverfisnefnd nemenda og starfsfólks. Skólinn fékk afhentan 1. grænfánann 27. apríl 2022.

## Að halda brotthvarfi lágu

Það er stefna skólans að veita nemendum jöfn tækifæri til náms með vellíðan í öndvegi. Markmiðið er að hækka útskriftarhlutfall nemenda frá skólanum, fjölga nemendum sem ljúka námi á þremur árum og fækka þeim nemendum sem ekki ljúka námi. Aðgerðir til að ná árangri voru samantekt á árlegri brotthvarfsskýrslu, þétt utanumhald utan um mætingar í skólanum, efling stoðþjónustu auk þess sem nýr áfangi „Krossgötur“ var settur á laggirnar haustið 2022 með það að markmiði að taka betur á móti nýnemum. Krossgötur eru í höndum náms- og starfsráðgjafa sem fylgja nemendum út fyrsta skólaárið.

## Byggja upp seiglu nemenda

Stefna skólans er að bjóða uppá nám og kennslu í fremstu röð. Markmiðið er að 94% nemenda uppfylli lágmarkskröfur áfanga, 32% nemenda í námsframvinduúrræði bæti stöðu sína og að 70% nemenda séu með 85% mætingu eða meira. Frekar er fjallað um þessi markmið í sjálfsmatsskýrslu skólans 2021-2022. Meðal aðgerða var að samræma uppbyggingu áfangalýsinga í skólanum og færa nýjar útgáfur inn í námskrárgrunn. Lýsingarnar voru uppfærðar en ekki er búið að færa þær inn í grunninn. Boðið var upp á námskeið fyrir starfsfólk til þess að kveikja neistann í starfi auk þess að fræða kennara um ýmsar aðferðir sem nýtast til þess að koma betur á mótis við fjölbreyttan nemendahóp. Félagsmálafræðingur starfaði áfram með nemendum, hélt stjórnlagabing og byggði upp grunn að auknu nemendalýðræði með nemendum. Sjá frekar í skjálfsmatsskýrslu MS 2021-2022.

## KJARNASTARFSSEMI Rekstrarþættir

- Aukin skilvirkni
- Reka skólann innan fjárheimilda
- Draga úr umhverfisáhrifum

### Aukin skilvirkni

Til þess að auka skilvirkni í skólanum var ákveðið að kanna ánægju notenda, auka notkun á upplýsingatækni og auka ánægju starfsfólks með upplýsingatækni í skólanum. Gripið var til ýmissa aðgerða án þess að mælingar hafi farið fram. Starfsfólk á þjónustusviði var hvatt til þess að sækja námskeið í Office 365, staðið var fyrir jafningjafræðslu í Menntabúðum, skipt var um kennslukerfi og nýnemar fengu meiri kennslu og kynningu á kerfum skólans. Tímabókanir stoðþjónustu voru gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans auk þess sem tilkynningahnappur var settur á síðuna. Tími símvörslu á skrifstofu var stytur og starfskraftar nýttir í önnur meira aðkallandi verkefni.

### Reka skólann innan fjárheimilda

Gerðar voru stórtækar skipulagsbreytingar í rekstri skólans til þess að draga úr yfirvofandi rekstrarhalla. Greint er frá einstaka aðgerðum í sérstökum rekstrarkafla hér fyrir aftan. Langtímaveikindi voru skólanum dýr en með ráðsemd gekk rekstur hans vonum framar og endaði með tveggja milljón króna rekstrarhalla. Kostnaði við nýstofnaða starfsbraut var skilað til MRN og greiddi ráðuneytið sérstaklega fyrir stofnun og rekstur starfsbrautar samkvæmt samkomulagi.

### Draga úr umhverfisáhrifum á skólastarf

Markmið skólans er að halda áfram vel utan um grænt bókhald og fimm græn skref í ríkisrekstri.

Ekki náðist það markmið að draga úr óflokkuðu sorpi þrátt fyrir ýmis inngrip umhverfisnefndar og stjórnenda.


Utanlandsferðir starfsfólks og nemenda voru kolefnisjafnaðar. Nemendur stunduðu nám í umhverfisfræði samkvæmt námskrá, umhverfisvika haldin í annað sinn og skólinn fékk afhentan fyrsta grænfánann.

# Nemendatölur

Kenndar einingar per nemanda við skólann eru að jafnaði frá 66-69,3 einingar á ári. Hver nemandi í MS skilar að jafnaði 63-66 einingum á ári sem þýðir að kennslukostnaður nemanda er hár. Ársnemendur í skólanum þegar um 712 nemendur stunda þar nám eru um 770-807 eftir árum. Meðalaldur nemenda var 17,3 ár þann 1. mars 2022

Námslína	Vorönn 2022	Haustönn 2022	Vetrarönn 2022
Eðlisfræði og stærðfræði námslína	106	109	105
Félagsfræði- og sögu námslína	157	160	157
Hagfræði- og stærðfræði námslína	239	262	254
Líffræði - og efnafræði námslína	182	195	187
Starfsbraut		11	11
<b>Nemendur alls</b>	<b>684</b>	<b>737</b>	<b>714</b>

**Brautskráðir**  
**179**






Hausið 2022 voru starfsmenn skólans 73 í 64,72 stöðugildum. 70% starfsfólks voru konur og 30% karlar.

## Kennslusvið

Við skólann störfuðu 54 einstaklingar á kennslusviði í 46,52 stöðugildum, þar af voru 38 konur í 32,8 stöðugildum og 16 karlar í 13,7 stöðugildum. Átta kennarar sinntu einnig fagstjórn samhliða kennslu (allt kvk). Alls störfuðu þrír kennarar án kennsluréttinda í 1,5 stöðugildi. Meðalaldur kennara var um 50 ár. Aldursdreifing var eftirfarandi:

- 29 – 40 ára – 12 kennarar
- 41 – 50 ára – 18 kennarar
- 51 – 60 ára – 11 kennarar
- 61 – 66 ára – 13 kennarar



## Þjónustusvið

Í yfirstjórn voru fjórir: rektor (kvk 50 ára), konrektor (kvk 50 ára), kennslustjóri (kvk 36 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 58 ára). Annað starfsfólk á þjónustusviði voru alls 14: skrifstofustjóri (kvk 58 ára), fjármálastjóri (kvk 65 ára), forstöðumaður bókasafns (kvk 48 ára), 3 náms- og starfsráðgjafar (kvk, 64 ára, 44 ára og 35 ára), 1 brautarstjóri starfsbrautar (30%) sem jafnframt kennir (70%) (kvk 58 ára), þroskaþjálfari (kvk 38 ára), 2 stuðningsfulltrúar í 60% starfshlutfalli þar sem annar (kvk, 25 ára) er tómstundafræðingur og sinnti félagsmálum í 40% starfi og hinn (kk 23 ára) starfaði einnig á bókasafni og við húsvörslu í 40% starfi, tölvuumsjónarmaður (kk 50 ára), umsjónarmaður fasteigna (kk 62 ára), 2 þjónustufulltrúar (kvk 59 ára og kk 48 ára) annar á skrifstofu og hinn í baðvörslu í íþróttahúsi, einn þjónustuliði (kk 29 ára) ráðinn í gegnum Vinnumálastofnun.

Þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri var skólinn rekinn með 20 milljón króna halla árið 2021. Skólaárið 2022 voru gerðar umfangsmiklar og árangursríkar skipulagsbreytingar til þess að vinna á móti hallarekstri.

## Skipulagsbreytingar og aðhald í rekstri

Til þess að vinna á móti hallarekstri var gripið til eftirfarandi aðgerða:

- Námsbrautir stytta úr 206 einingum í 200:
  - Áfangi í listgrein felldur út af náttúrufræðibraut
  - Fjórdá félagsgrein felld út af félagsfræðabraut
  - Fimm eininga áfangi í lýðræðisvitund og siðferði lagður niður
  - Fjórum eins eininga áföngum í móttöku nýnema og útskriftaráfanga bætt við
- Eftirfarandi verkefnastjórnir voru lagðar niður og verkefni þeirra færð á þjónustusvið:
  - Sjálfsmatsstjóri
  - Öryggisstjóri
  - Mætingastjóri
- Reiknilíkani fyrir fagstjórn breytt og hún greidd með blöndu af þrepum og klukkustundum.
- Tryggt að vinnumat kennara væri í samræmi við kjarasamninga og einingar nemenda

Rekstrarárið einkenndist af langtíma veikindum og stofnun starfsbrautar haustið 2022, þrátt fyrir það gekk rekstur skólans vonum framur og endaði með tveggja milljón króna rekstrarhalla.

### Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.179.527.328	1.084.017.710
Aðrar tekjur .....		8.592.000	5.922.000
Seld þjónusta .....	3	900.000	971.138
Vörusala .....		15.187.100	11.610.560
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	30.495.198	23.736.955
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára .....	2	7.641.434	7.431.311
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.242.343.060</b>	<b>1.133.689.674</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	935.259.631	863.969.482
Annar rekstrarkostnaður .....	6	301.742.025	282.606.587
Afskriftir .....	7	7.641.434	7.431.311
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.244.643.090</b>	<b>1.154.007.380</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(2.300.030)</b>	<b>(20.317.706)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	8	355.193	(511.625)
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	9	(43.458)	(22.527)
		311.735	(534.152)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(1.988.295)</b>	<b>(20.851.858)</b>

# Stjórnun



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022 - 2025

Kennslukerfi Innu - Jafnlaunakerfi - Persónuvernd - EKKÓ ferlar - Staðlaðar námsáætlanir - Gæðaráð

## Kennslukerfi Innu

MS var síðasti skólinn í þjónustu hjá „Námsnetinu“ og hafði þróun þess sem námskerfis tekið enda. Á vormisseri 2022 prufukeyrði hópur kennara kennslukerfi Innu og var ákveðið að skipta yfir um haustið. Tvær forsendur gerðu það að verkum að kennslukerfi Innu varð fyrir valinu: Fjöldi skóla sem nýtir kerfið og að von væri á „lock down browser“ fyrir árslok. Innleiðingarferlið gekk eins og í sögu en Advanía stóð ekki við lock down browserinn. Skólinn íhugar að fara yfir í annað kerfi áður en langt um líður ef ekki verða breytingar á.


## Jafnlaunakerfi

Haustið 2021 hófst ritun jafnlaunakerfis og er óhætt að segja að mörg hundruð klukkustundir hafi farið í ritun og uppbyggingu kerfisins auk þess sem vottunarkostnaður leggst á skólann. Kerfið er í samræmi við Jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 og á að tryggja að ákvarðanir er varða laun og launakjör séu teknar á grundvelli jafnréttis. Kerfið fékk fyrstu vottun í júní 2022.


## Persónuvernd og upplýsingaöryggi

Haustið 2021 hóf göngu sína teymi í persónuvernd og upplýsingaöryggi (PUÖ). Teymið er skipað konrektor, skjalastjóra og tölvuumsjónarmanni. Teymið útbjó vinnsluskrár fyrir upplýsingar sem unnið er með í skólanum, breytti reglum um lykilorð og endurnýjun þeirra ásamt því að hvetja starfsfólk til þess að bæta öryggi upplýsinga, þar með talið meðferð námsgagna. Öllu starfsfólki var boðið að skrifa undir yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnaðar skyldu sem hér eftir allt nýtt starfsfólk undirritar við undirritun ráðningarsamnings.

**Flæðirit A - Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinn áreitni, ofbeldi og annarri ótilhýðilegri háttsemi**



**Flæðirit B - Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhýðilegrar háttsemi**



## EKKÓ-stefna og ferlar

Ritun EKKÓ-ferla og stefnu hófst í október 2022 og lauk með kynningu fyrir starfsfólki, nemendur og aðstandendur þeirra í janúar 2023. Strax í október 2022 var settur ábendingahnappur á forsiðu heimasíðu skólans þar sem hægt er að bera fram hverslags tilkynningar og ábendingar nafnlaust. EKKÓ ferlarnir eru tveir eftir því hvort um ræðir starfsfólk eða nemendur.

## Staðlaðar námsáætlanir

Haustið 2021 hófst endurritun áfangalýsinga á öllum kenndum áföngum í skólanum og var lokið við að setja þær inn í námskrárgrunn Menntamálastofnunar ári seinna eða haustið 2022. Haustið 2021 hófst samvinna kennara og stjórnenda við stöðlun námsáætlana með það að markmiði að gera þær aðgengilegri fyrir nemendur. Á vorönn 2022 voru allar námsáætlanir skólans gefnar út á stöðluðu formi.

## Gæðaráð í stað sjálfsmatshóps

Haustið 2022 leysti gæðaráð sjálfsmatshóp af hólmi. Í gæðaráði sitja stjórnendur, skrifstofu- og skjalastjóri og einn kennari. Ráðið fundar vikulega, leggur fram árlega matsáætlun um innri og ytri úttektir og sér til þess að matið sé framkvæmt og unnið úr niðurstöðum, gætir þess að jafnlaunakerfið sé virkt og því viðhaldið auk þess að leggja lokahönd á útgáfu ýmissa stefna og verklagsreglna.

# Stofnun starfsbrautar

Í maí 2022 óskaði mennta- og barnamálaráðherra eftir því að starfsbraut yrði stofnuð við skólann - um haustið tók til starfa starfsbraut með 11 nemendum.

## Tölvustofur verða að starfsbraut

Í júní var teiknað, pantað, skipulagt, auglýst eftir starfsfólki og nemendum úthlutað skólavist. Í júlí hófust framkvæmdir, ráðið í störf og brautarskipan var teiknuð upp. Í ágúst var ekki útlit fyrir að verkinu yrði lokið í tíma og tók allt fyrsta árið að fá netmál, loftræstingu og hljóðvist í lag. Engu að síður tók brautin til starfa þann 1. september 2022 þegar ellefu nemendur settust á skólabekk og sérkennari, proskapjálfi og tveir stuðningsfulltrúar hófu störf.



Starfsbrautin hefur að ráða yfir 160 fm<sup>2</sup>, einni skólastofu, sérkennslurými, fundarherbergi, setustofu og vinnustofu starfsfólks.

# Fyrsti grænfáninn

ÁRSSKÝRSLA MS 2022

Haustið 2021 hóf göngu sína nýr áfangi í umhverfisvernd með það að markmiði að MS yrði Grænfánaskóli.

## Skóli á grænni grein

Samhliða því að skrá skólann í verkefnið „Skólar á grænni grein“ hóf göngu sína sérstakur fimm eininga áfangi í umhverfisvernd í skólanum. Nemendur sem stunda nám í áfanganum mynda umhverfisnefnd nemenda og hafa það verkefni að fræða samnemendur sína og auka umhverfisvitund í skólanum. Til þess að öðlast grænfána þarf hópurinn að uppfylla sjö skref í átt að umhverfisvernd. Þetta árið lögðu nemendur áherslu á að fræða samnemendur sína um mikilvægi flokkunar á sorpi. Í samvinnu við skólann var flokkunartunnum fjölgað og þær betur merktar.





Nemendur á fyrsta námsári unnu önnur verðlaun í samkeppni ungra umhverfisfréttamanna. Þær stöllu hlutu viðurkenningu fyrir upplýsingavef um fatasóun og tóku við verðlaununum við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu ásamt kennara sínum Kristbjörgu Ágústsdóttur.



# Nám og félagslíf



Í mars 2021 var ráðinn tólmstundafræðingur við skólann sem reyndist mikil gæfa fyrir félagslíf nemenda. Haustið 2021 var Thalía leikfélag skólans endurvakið og lögð áhersla á þátttöku í hinum ýmsu keppnum.

## Stjórnlagagæping - Gettu betur - Morfís - Frís - Söngvakeppni

Haustið 2021 var á ný stefnt að þjálfun nemenda í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Lið MS stóð sig með þryði og var þjálfað af Jónasi Erni stærðfræðikennara. Löng hefð er fyrir þátttöku nemenda í ræðukeppni framhaldsskólanema MORFÍS en ný keppni hóf göngu sína: Frís sem er keppni í rafróttum. Þátttakendur MS komust langt í þessum keppnum framhaldsskólanna.

### Stjórnlagagæping nemenda


Hólmfríður Kría félagsmálastjóri stóð fyrir 1. stjórnlagagæpingi nemendafélagsins. Nemendur héldu vinnufundi þar sem þeir fóru yfir reglur félagsins, lögðu til nýjar og skráðu. Í febrúar var sótt um styrk fyrir verkefninu hjá Sprotasjóði og hlaut skólinn 1,6 milljónir til þess að þróa verkefnið áfram næsta skólaár á eftir. Meðal verkefna hefur verið að skrá verkaskiptingu nefnda og skilgreina verkefni þeirra ásamt því að skrá verkferla. Þetta gerir það að verkum að í hvert sinn sem ný kjörið nemendafélag tekur við keflinu er auðvelt að nálgast upplýsingar og byggja á reynslu fyrri ára. Var þetta mjög þarft verkefni eftir styttingu námstíma til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst styttri tími til þess að læra hvert af öðru og þroskast sem leiðtogar. Auk þess hefur það sýnt sig að tólmstundafræðingur er mun betur í stakk búinn til þessa að styðja við nemendur í þessum málum en annað starfsfólk skólans.





## Thalía

Haustið 2021 tóku nokkrir nemendur sig saman og réðu leikstjóra með það að markmiði að setja upp leikrit. Ekki var ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur heldur var útbúið leikrita handrit úr kvikmyndinni „Mean Girls“ ásamt fjölda söngtexta sem var snarað yfir á íslensku. Æfingar fóru fram í Hinu Húsinu og á vormánuðum voru sýndar sex leiksýningar fyrir fullu húsi í Leikhúsi Kópavogs. Nemendur sungu og dönsuðu, sáu um ljós og tónlist og var leiksýningin hin glæsilegasta. Alls tóku 16 nemendur þátt í sýningunni. Var þetta fyrsta sýning leikfélagsins eftir fimm ára hlé. Sýningin var styrkt af foreldraráði skólans sem greiddi fyrir þýðingu á verkinu auk þess sem fyrrverandi nemendur styrktu sýninguna í gegnum Tjarnarsjóð sem útskriftarárgangur skólans frá árinu 1976 stendur fyrir.



## Fyrirtækjasmíðja - frumkvöðlaverkefni

Á hverju ári taka nemendur á hagfræði- stærðfræðilínu þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar í gegnum áfanga í fyrirtækjasmíðju. Að þessu sinni komumst þrjú fyrirtæki úr MS í úrslit keppinnar. Það voru fyrirtækin AÐAKETTIR sem saumuðu apa úr gömlum sokkum, HAFVÍTAMÍN sem útbjuggu vítamín úr íslenskum þara og SLÍP sem gera glasamottur úr afgangsfílsum.

HAFVÍTAMÍN fór alla leið og vann keppnina á Íslandi. Hópurinn hélt ásamt kennara sínum Dóru Kristínu Sigurðardóttur til Tallin í Lettlandi um sumarið og tók þátt í alþjóðlegri keppni fyrir Íslands hönd.

Það er stefna starfsmannafélags skólans að skipuleggja námsferð erlendis annað hvert ár. Árið 2019 var farið til Toronto og árið 2022 til Torino á Ítalíu

## Tvær skólaheimsóknir og ráðstefna

Starfsfólk MS fór í námsferð til Ítalíu 15. til 19. október. Ferðinni var heitið til Torino á Ítalíu í skólaheimsókn þar sem skólarnir ITIS Majorana og IIS Vittorio Alfieri voru heimsóttir. Auk skólaheimsóknar héldu kennarar skólanna sameiginlega ráðstefnu þar sem þeir kynntu störf sín og hugmyndir. Fyrir hönd Menntaskólans við Sund sagði Ágúst Ásgeirsson námsbrauta- og námskrárstjóri frá hugmyndafræði þriggja anna kerfisins í MS, Katrín Magnúsdóttir kynnti Grænfánaverkefnið „Skólar á grænni grein“, Hafsteinn Óskarsson sagði frá starfendarannsókn sinni um innleiðingu leiðsagnarnáms og Melkorka Matthíasdóttir útskýrði hugmyndafræði Guy Glaxton um að byggja upp námskraft nemenda sem er stefna MS í námi og kennslu. Nemendur ITIS Majorana sungu og dönsuðu fyrir gestina.



## Starfendarannsóknir

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfsþróunartækifæri fyrir starfsmenn skólans.

Á árinu 2022 fóru á annan tug starfsmanna í námsferðir erlendis auk fjölda starfsfólks sem tók þátt í skólaheimsókn og ráðstefnu á Ítalíu í október. Í mars tóku 25 starfsmenn þátt í WES ráðstefnunni (rafræn ráðstefna – World Education Summit). Í september tóku 15 starfsmenn sameiginlega þátt í UTÍS online ráðstefnunni, hittust í skólanum, horfðu saman og ræddu málin.

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknnum. Á hverju ári er virkur hópur kennara og stjórnenda sem tekur þátt í starfi starfendarannsóknahópsins og á skóla-

árinu voru virkir þátttakendur að jafnaði 13 talsins. Hópurinn hittist að jafnaði þrisvar á önn auk þess að taka þátt í Menntabúðum með starfshópi um innleiðingu leiðsagnarnáms.

Á árinu var í fyrsta sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms og undir hans handleiðslu starfaði 17 manna hópur kennara að innleiðingu leiðsagnarnáms í kennslu sinni.

FMOS hélt opna ráðstefnu í skólaþróun í febrúar og tóku kennarar MS virkan þátt bæði sem fyrirlesarar og áhorfendur. Í mars leiddu FS og MS sama hesta sína að nýju með heimsókn MS til Keflavíkur.



Innan skólans voru haldnar tvær menntabúðir á árinu þar sem allir kennarar mæta og flestir aðrir starfsmenn.

Markmið menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi.



# Húsnæðismál

Á vormánuðum var hafist handa við grafa dren meðfram skólanum, veita vatni réttar leiðir af þökum og þétta í sprungur í steypu.

## Ástand húsnæðis verra en reiknað var með

Í desember 2021 í miklu vatnsveðri rofnaði vatnsrör sem leiðir affall af þaki Þrísteins í brunn. Mikið tjón varð á tveimur vinnuherbergjum kennara. Í kjölfarið hófust framkvæmdir og tiltekt í skólanum.

Verkefni Framkvæmdasýslu Ríkissins voru eftirfarandi:

- Nýtt dren lagt í kringum Ípróttahús og Þrístein
- Niðurföll endurnýjuð á þaki Þrísteins
- Lagnir fyrir yfirborðsvatn fóðraðar að innan
- Ný frárennislögn lögð í gegnum húsið út í brunn
- Múrverk utan húss yfirfarið, fyllt í sprungur og málað
- Úttekt á húsnæði á vegum EFLU



# Erlent samstarf

Erlent samstarf tók við sér á ný þegar leið á vorið 2022. Bæði haust og vor fóru hópar kennara í námsferðir.

## Erasmus+, Nordplus og SEF

Margar námsferðir voru farnar vorið 2022 eftir að samkomutakmörkunum var aflétt í Evrópu. Samtals fóru 21 starfsmenn í átta námsferðir til fimm landa í Evrópu. 18 starfsmenn tóku þátt í sex ferðum styrktum af Erasmus+. Þetta voru tveggja til sjö daga ferðir á ráðstefnur og námskeið í fimm löndum í Evrópu. Námsferð á Bett í London var styrkt af SEF og fór einn kennari á hana. Tveir kennarar fóru í undirbúningsferð til Danmerkur með styrk frá Nordplus.

Gestkvæmt var í MS þetta árið. Tveir stóri hópar í Evrópuverkefni heimsóttu skólann bæði að hausti og vori. Í mars komu nemendur ásamt kennurum frá Greve Gymnasium í Danmörku. Þau fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS, fóru í heimsóknir í kennslustundir, spjölluðu við nemendur og skoðuðu skólann. Tveir kennarar í ensku og líffræði komu í starfsspeglun vikuna 25. til 29. apríl.

Átta stjórnendur og kennarar í listum, jarðfræði og raunvísindum komu í starfsspeglun frá eyjuni Réunion í Indlandshafi úti fyrir austurstönd Afríku. Þau voru í heila viku í MS 16. til 20. maí. Kennarar í frönsku í MS undirbjuggu heimsóknina með þeim. Þau fengu kynningu á skólastarfinu, heimsóknir í kennslustundir og vettvangsferðir út fyrir Reykjavík.





MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND